

Föstudaginn 9. október 1992.

Nr. 190/1991. **Hreinn Sigurðsson**

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,

Skúla J. Pálmasyni,

Vátryggingafélagi Íslands hf.,

Iðnlánasjóði og

Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. apríl 1991. Málinu var upphaflega áfrýjað 26. júlí 1990, en var fellt niður með dómi Hæstaréttar 8. apríl 1991 vegna útivistar áfrýjanda. Því var enduráfrýjað á grundvelli 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteign hans Aðalgötu 20, iðnaðarhúsi, Sauðárkróki, sem fram fór 12. júlí 1990, verði ómerkt auk meðferðar uppboðsmálsins frá upphafi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila in solidum.

Varnaraðilarnir fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Vátryggingafélag Íslands hf. og Sparisjóður Vestur-Húnavatnssýslu krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs og uppboðsmeðferðar auk kærumálskostnaðar. Varnaraðili Iðnlánasjóður krefst staðfestingar uppboðsins. Varnaraðilinn Skúli J. Pálmason hæstaréttarlögmaður setur ekki fram kröfur í málinu.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, Halldór Þ. Jónsson, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar vegna greinargerðar kæranda fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta var þingfest að beiðni Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki 27. ágúst 1982. Fyrri sala fór fram 10. nóvember 1982, eftir

að málinu hafði verið frestað þrem sinnum. Annað og síðara nauðungaruppboð fór svo ekki fram fyrr en 14. júní 1990, en málinu hafði þá verið frestað 38 sinnum í uppboðsrétti að beiðni eða vegna fjarvista sóknaraðila. Frá 12. október 1989 til 5. apríl 1990 var málinu frestað vegna greiðslustöðvunar hjá sóknaraðila.

II.

Þriðja og síðasta nauðungaruppboð á hinni umræddu eign fór fram 12. júlí 1990, og var þá eftirfarandi bókað í þingbók uppboðsréttar:

„Ár 1990, fimmtudaginn 12. júlí, var uppboðsréttur Sauðárkróks settur að Aðalgötu 20, Sauðárkróki, og haldinn af Halldóri Þ. Jónsyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Uppboðsmálið nr. 1/1982:

Nauðungaruppboð á Aðalgötu 20, Sauðárkróki, iðnaðarhúsi, þingl. eign Hreins Sigurðssonar. Þriðja og síðasta sala.

Skjöl málsins liggja frammi.

Uppboðshaldari leggur fram: tilkynningu, augl. í Morgunblaði og veðbókarvottorð, svohljóðandi ///.

Af hálfu uppboðsbeiðanda sækja þing fyrir Íslandsbanka Þorvaldur Einarsson hdl., fyrir Sparisj. V.-Hún. og Iðnlánasjóð Sveinn Sveinsson hdl., fyrir Helga V. Jónsson hrl. Sigríður Friðjónsdóttir, lögfræðingur.

Annað og síðara uppboð fór fram 14. júní sl. og var Sparisj. V.-Hún. hæstbjóðandi, kr. 2.500.000,00.

Uppboðshaldari kynnti nú uppboðsskilmála og veðbókarvottorð og upplýsti, að áhvílandi lögveðskröfur væru samtals kr. 591.715.30.

Uppboðsþoli er sjálfur mættur.

Uppboðshaldari spurdist fyrir um, hvort athugasemdir væru við undirbúning og framkvæmd uppboðsins, og var það ekki.

Uppboðshaldari upplýsti, að lóðarréttindi væru sameiginleg fyrir iðnaðar- og verslunar- og íbúðarhús, og myndu lóðarréttindi fylgja hverri eign hlutfallslega.

Uppboðshaldari leitaði nú boða í eignina. Sveinn Sveinsson f. h. Sparisjóðs V.-Hún. býður 3,6 milljónir og krefst útlagningar.

Frekari boð bárust ekki.

Eignin var slegin hæstbjóðanda. Tók uppboðshaldari sér frest í 2 vikur til að taka afstöðu til boðsins.“

III.

Samkvæmt 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru meðal aðila uppboðs veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1991. Ráða má af því veðbókarvottorði, sem lagt var fram í uppboðsrétti Sauðárkróks við þriðja og síðasta nauðungaruppboð hinnar umræddu fasteignar, að eigi hafi verið stefnt til varna í Hæstarétti Íslandsbanka hf. sem fjórða og sjötta veðréttarhafa, er naut að hluta til betri veðréttar en hæstbjóðandi, og Sigurði Kárasyni sem níunda veðréttarhafa. Af hálfu Íslandsbanka hf. var mætt við þriðja og síðasta nauðungaruppboð, eins og fram er komið.

Með hliðsjón af framansögðu verður eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilunum fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Vátryggingafélagi Íslands hf. og Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir, en þá hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

IV.

Þær athugasemdir, sem sóknaraðili ber fyrir sig fyrir Hæstarétti til ómerkingar uppboðsins, varða einkum tilkynningar og auglýsingar um fyrirtökur málsins og frest milli annarrar og þriðju sölu. Öllum þessum mótbárum gat hann í síðasta lagi hreyft við þriðja og síðasta nauðungaruppboð á eigninni. Það gerði hann ekki, þótt uppboðshaldari leitaði sérstaklega eftir athugasemdum við undirbúning og framkvæmd uppboðsins. Þetta er aðfinnsluvert og rennir stoðum undir það, að málskot hans til Hæstaréttar sé að ófyrirsynju og til þess eins að tefja frekar framgang málsins í uppboðsrétti Sauðárkróks, sem þó hafði dregist úr hömlu af tillitssemi veðhafa við sóknaraðila.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Hreinn Sigurðsson, greiði varnaraðilunum fjár-

málaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Vátryggingafélagi Íslands hf. og Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu 30.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.
